

Geðendurhæfing Dagdeild

Upplýsingar um dagdeild, meðferð og þjónustu



Geðendurhæfing, dagdeild

Þeir sem innritast á dagdeild geðendurhæfingar á Kleppi hljóta fjölbætta meðferð eftir þörfum, óskum og færni hvers og eins. Lögð er áhersla á heildræna batamiðaða þjónustu með það að markmiði að auka lífsgæði og stuðla að bata. Unnið er út frá því að hver og einn geti nýtt hæfileika sína og styrkleika og finni leiðir til sjálfshjálpar og sjálfstæðis.

Meðferðarteymi

Hver einstaklingur hefur sinn málástjóra og umsjónaraðila. Málástjóri er ábyrgur fyrir því að viðkomandi fái viðeigandi meðferð og endurhæfingu í samráði við meðferðarteymi deildarinnar. Umsjónaraðili sér um daglegan stuðning og hvatningu.

Meðferðarvinna

Í upphafi meðferðar er gerður meðferðarsamningur þar sem einstaklingur skuldbindur sig til að taka fullan þátt í sinni meðferð.

Unnið er að gerð endurhæfingaráætlunar í samvinnu við meðferðarteymi. Þar eru tilgreind markmið sem viðkomandi ætlar sér að ná á meðferðartímanum. Þessi áætlun er endurmetin reglulega til að fylgja meðferð eftir og endurmeta þáfir.

Þátttaka

Ætlast er til að einstaklingur taki þátt í að minnsta kosti 80% af þeirri virkni og verkefnum sem hann setur sér fyrir í hverri viku og mæti í öll skipulögð viðtöl hjá meðferðaraðilum. Endurtekin frávík frá endurhæfingaráætlun geta leitt til útskriftar fyrr en áætlað var. Treysti viðkomandi sér ekki til að fara eftir ofangreindum atriðum er mikilvægt að ræða við málástjóra eða umsjónaraðila svo hægt sé að halda áfram að styðja við einstaklinginn í meðferð.

Hvað er í boði?

Batamiðstöð: Lögð er áhersla á hreyfingu og virkni. Deildin vinnur í samstarfi við Batamiðstöðina en þar er m.a. í boði fjölbreytt hreyfing, virkni, fræðsla, slökun og núvitund.

Fræðsla: Fræðsla er mikilvægur þáttur í geðendurhæfingu en reglulega er boðið upp á fræðslu um ýmis málefni sem snúa að geðheilbrigði, bjargráðum og bata.

HAM hópmeðferð: Í boði er hugræn atferlismeðferð (HAM). Markmið með HAM er að tileinka sér nýjar leiðir til að takast á við óhjálflegar hugsanir, tilfinningar og hegðun.

DAM hópmeðferð: Boðið er upp á dialektíska atferlismeðferð (DAM) í hóp. Markmið með DAM er að auka samskipta- og tilfinningafærni og byggja upp streituþol. Núvitund er undirstaða DAM.

Að ná tökum á tilverunni (ATT hópur): Hópur sem hittist reglulega til að auka innsæi í sinn vanda, finna bjargráð og viðhalda bata. Unnið er á verkefnaformi.

Tengsl við úrræði utan deildar: Mikil áhersla er lögð á að tengja einstaklinginn í virkni utan deildar til að tryggja samfellu eftir útskrift. Hægt er að fá kynningu á úrræðum eins og Janus, Hring sjá, VIRK, Hugarafli, Hlutverkasetri, Geysi og athvörfum eins og Vin, Læk og Dvöl og fleira.

Útbúnaður

Mikilvægt er að einstaklingar séu með viðeigandi fatnað og útbúnað svo þeir geti tekið þátt í dagskrá.

Verðmæti

Vinsamlegast athugið að starfsmenn spítalans geta ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum. Hægt er að geyma verðmæti í læstum skápum á ábyrgð viðkomandi.

Reykingar og neysla vímuefna

Reykingar, rafrettur og önnur notkun tóbaksefna er ekki leyfð á deild. Þá er öll notkun áfengis- og vímuefna óheimil á deild.

Lyfjameðferð

Einstaklingar á dagdeild sjá sjálfir um að taka inn lyfin sín og bera ábyrgð á þeim. Í upphafi endurhæfingar þarf að skila inn lyfjakorti eða yfirliti úr lyfjaskömmun. Fyrir komu á dagdeild er gott að borða morgunmat og taka lyf ef einhver eru.

Matartímar

Heitur hádegisverður og síðdegishressing standa til boða á dagdeildinni. Athugið að ekki er boðið upp á morgunmat.

Akstur

Einstaklingar sjá sjálfir um að koma sér til og frá deildinni. Málástjóri getur veitt aðstoð við að sækja um akstursþjónustu hjá þjónustumiðstöð viðkomandi.

Hagnýtar upplýsingar

Dagdeildin er staðsett á 3. hæð í aðalbyggingu á Kleppi. Dagdeildin er opin frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og 8:00 til 15:00 á föstudögum.

Símanúmer

Símanúmer á dagdeild

Teymisstjóri: 824 8700

Vakt: 543 4211 og 543 4221

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI, GEÐENDURHÆFINGARDEILD KLEPPI, OKTÓBER 2019

ÁBYRGÐ:

YFIRLÆKNIR OG DEILDARSTJÓRI GEÐENDURHÆFINGAR Á KLEPPI

YFIRLÆKNIR: HALLDÓR KOLBEINSSON

DEILDARSTJÓRI: DÍANA LIZ FRANKSDÓTTIR

MYNDIR:

GUNNLAUGUR RÖGNVALDSSON

HÖNNUN:

SAMSKIPTAÐEILD LSH

LSH-2209